Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 21. apríl 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu sem tekur til breytinga á skilmálum deiliskipulags að Hraunkoti, svæði A. Í breytingunni felst að krafa um að hús skuli byggð úr timbri verði felld út úr skipulagsskilmálum og gert verði ráð fyrir því að byggja megi hús úr stálvirki einnig.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://fludir.is>, <https://www.gogg.is/> og <https://www.skeidgnup.is/>.

Skipulagstillögur og lýsingar mál nr. 1-3 eru í kynningu frá 28. apríl 2021 til og með 19. maí 2021 og skulu

athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 19. maí 2021.

Deiliskipulagstillögur í liðum 4-7 eru auglýstar með athugasemdafresti frá 28. apríl 2021 til og með 11. júní 2021. Athugasemdir og ábendingar skulu berast eigi síðar en 11. júní 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Vígús Þór Hróbjartsson
skipulagsfulltrúi UTU.

(2021009323

Útgáfud.: 28. apríl 2021

Auglýsing um skipulag - Keflavíkurflugvöllur

Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar og deiliskipulagi á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli.

Tillaga að breyting á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013-2030.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar 2013 - 2030. Breyting á byggingarheimildum á öryggissvæðinu (svæði B).

Utanríkisráðuneytið og Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar hafa samþykkti að kynna tillögu að breyttu aðalskipulagi Keflavíkurflugvallar í samræmi við 1. mgr. 36. gr skipulagslaga nr. 123/2010. Breyting felur í sér auknar byggingarheimildir á öryggissvæði Keflavíkurflugvallar. Óskað er eftir ábendingum vegna tillögunnar fyrir 9. júní 2021. Tillagan er kynnt á heimasíðu Isavia <https://www.isavia.is/skipulag-i-kynningu> og á samráðsgátt stjórnvalda (samradsgatt.is), frá og með 28. apríl 2021.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli.

Utanríkisráðuneytið hefur falið Landhelgisgæslu Íslands að vinna breytingu á deiliskipulagi fyrir öryggissvæðið á Keflavíkurflugvelli. Landhelgisgæsla Íslands auglýsir hér með í samræmi við 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að breytingu á deiliskipulagi öryggissvæðisins á Keflavíkurflugvelli.

Deiliskipulagssvæðið er um 760 ha að stærð og afmarkast samkvæmt auglýsingu nr. 720/2015 um landfræðileg mörk öryggis- og varnarsvæða. Helstu breytingar eru m.a. viðbótar byggingarheimildir, breytingar og stækkun á byggingarreitum og nýir byggingarreitir. Þá eru afmörkuð svæði fyrir efnisvinnslusvæði, skotvöll og birgðageymslusvæði, breytingar gerðar á byggingarreitum í því samhengi og byggingarheimild hækkuð.

Deiliskipulagstillagan verður aðgengileg á samráðsgátt stjórnvalda (samradsgatt.is), frá og með 28. apríl 2021.

Nánari upplýsingar veitir skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar og öryggissvæða sveinn.valdimarsson@isavia.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta gefst kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Skila má skriflegum athugasemdum í gegnum samráðsgáttina, með bréfi til Landhelgisgæslu Íslands (b.t. Sveins Valdimarssonar skipulagsfulltrúa, Þjóðbraut 1, 235 Keflavíkurflugvelli) eða með því að senda tölvupóst á netfangið sveinn.valdimarsson@isavia.is. Frestur til að gera athugasemdir er til 9. júní 2021.

Keflavíkurflugvelli, 23. apríl.

Sveinn Valdimarsson,

skipulagsfulltrúi Keflavíkurflugvallar og skipulagsfulltrúi öryggissvæða.

(2021009324

Útgáfud.: 28. apríl 2021

Auglýsing um skipulag - Akureyri

Tjaldsvæðisreitur - Tillaga að deiliskipulagsbreytingu. Bæjarstjórn Akureyrarbæjar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagsbreytingu.

Skipulagssvæðið afmarkast af Þingvallastræti í norðri, Þórunnarstræti í austri, tjaldsvæði í suðri og Byggðarvegi í vestri. Í tillögunni er afmörkuð lóð fyrir um um 1.700 fm heilsugæslu þar sem nú eru bílastæði auk þess sem hótellóð stækkar og gert ráð fyrir nýrri viðbyggingu við vesturhluta hótelsins. Þá færast aðkoma frá Þingvallastrætis til vesturs og breytingar verða á afmörkun bílastæða, gangstétta o.fl.

KA svæði - Tillaga að deiliskipulagsbreytingu. Bæjarstjórn Akureyrarbæjar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagsbreytingu sem nær til íþróttasvæðis KA við Dalsbraut.

Í tillögunni felst núverandi byggingarreitum fyrir knattspyrnuvöll og áhorfendastúku verður snúið um 90° og byggingarreit bætt við fyrir byggingu sem tengir áhorfendastúku við núverandi íþróttahús.

Sómatún 29 - Tillaga að deiliskipulagsbreytingu. Bæjarstjórn Akureyrarbæjar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, tillögu að deiliskipulagsbreytingu sem nær til lóðarinnar Sómatún 29.

Í tillögunni felst að í stað einbýlishúss á tveimur hæðum verði heimilt að byggja þriggja íbúða raðhús á einni hæð.

Tillögurnar eru birtar á heimasíðu bæjarins: www.akureyri.is - neðst á forsiðu undir: *Auglýstar skipulagstillögur.*

Frestur til að gera athugasemdir við tillögurnar rennur út kl. 16.00 miðvikudaginn 9. júní 2021. Athugasemdum er hægt að skila með tölvupósti (skipulagssvid@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram eða skriflega til skipulagssviðs í Ráðhúsi Akureyrar, Geislagötu 9.

Persónuupplýsingar sem fylgja athugasemdum við skipulag,

s.s. kennitala, nafn og netfang eru aðeins nýttar í þeim tilgangi að vinna úr athugasemdum og auðkenna sendanda. Sjá nánar um meðferð persónuupplýsingar hjá Akureyrarbæ <https://www.akureyri.is/is/stjornkerfi/stjornsysla/personuvernd> darfulltrúi.

Athugasemdir teljast til opinberra gagna. Vakin er athygli á því að nöfn þeirra sem senda athugasemdir koma fram í fundargerðum skipulagsráðs sem eru birtar á heimasíðu Akureyrarbæjar.

28. apríl 2021.

Sviðsstjóri skipulagssviðs.

(2021009325

Útgáfud.: 28. apríl 2021

Auglýsing um skipulag - Húnavatnshreppur

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022:

Breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 vegna nýs afþreyingar- og ferðamannasvæðis fyrir gangnamannaskála við Gedduhöfða á Grímstunguheiði og vatnsvernd.

Um er að ræða breytingu vegna nýs afþreyingar- og ferðamannasvæðis fyrir gangnamannaskála við Gedduhöfða á Grímstunguheiði og vatnsvernd. Á sama tíma er auglýst deiliskipulag fyrir sama svæði.

Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

Deiliskipulag við Gedduhöfða á Grímstunguheiði.

Á nýju svæði er ætlunin að reisa nýjan gangnamannaskála, allt að 500 m² með gistiþláss fyrir 60 manns. 300 m² hesthús og aðrar byggingar 200 m². Nýr skáli mun þjóna gangnamönnum en gæti nýst breiðari hópi svo sem ferðamönnum. Á sama tíma er auglýst breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022.

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Húnavatnshrepps að Húnavöllum og á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hnjúkabyggð 33, frá 28. apríl 2021 til 9. júní 2021 og er einnig til sýnis á heimasíðu Húnavatnshrepps, www.hunavatnshreppur.is.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 4. júní 2021.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi eða á netfangið byggingarfulltrui@hunavatnshreppur.is.

Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Skipulagsfulltrúi Húnavatnshrepps,

Þorgils Magnússon.

(2021009326

Útgáfud.: 28. apríl 2021

Auglýsing um skipulag - Húnavatnshreppur**Auglýsing þessi er leiðrétting á áður birttri auglýsingu þar sem tilgreindur var rangur frestur til athugasemda.**

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi breytingu á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022:

Breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022 vegna nýs afþreyingar- og ferðamannasvæðis fyrir gangnamannaskála við Gedduhöfða á Grímstunguheiði og vatnsvernd.

Um er að ræða breytingu vegna nýs afþreyingar- og ferðamannasvæðis fyrir gangnamannaskála við Gedduhöfða á Grímstunguheiði og vatnsvernd. Á sama tíma er auglýst deiliskipulag fyrir sama svæði.

Samkvæmt 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagi:

Deiliskipulag við Gedduhöfða á Grímstunguheiði.

Á nýju svæði er ætlunin að reisa nýjan gangnamannaskála, allt að 500 m² með gistiþláss fyrir 60 manns. 300 m² hesthús og aðrar byggingar 200 m². Nýr skáli mun þjóna gangnamönnum en gæti nýst breiðari hópi svo sem ferðamönnum. Á sama tíma er auglýst breyting á aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2010-2022.

Tillögurnar liggja frammi á skrifstofu Húnavatnshrepps að Húnavöllum og á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hnjúkabyggð 33, frá 28. apríl 2021 til 9. júní 2021 og er einnig til sýnis á heimasíðu Húnavatnshrepps, www.hunavatnshreppur.is.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til 9. júní 2021.

Skila skal athugasemdum á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hnjúkabyggð 33, 540 Blönduósi eða á netfangið byggingarfulltrui@hunavatnshreppur.is.

Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Skipulagsfulltrúi Húnavatnshrepps,

Þorgils Magnússon.

(2021009352

Útgáfud.: 20. apríl 2021

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Menntasjóður námsmanna, kt. 710169-0989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefnda: Aníta Ósk Holm Axelsdóttir, kt. 010189-2929, með óþekkt heimili.

Dómkreftur: Að stefnda verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 2.611.334 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af kr. 345.872 frá 1. september 2018 til 19. mars 2019, en af kr. 2.611.334 frá þeim degi til greiðsludags. Kröfunr. 546-55151.

Að stefndu verði gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu, þ.m.t. allan útlagðan kostnað samkvæmt

málskostnaðarreikningi og þóknun samkvæmt b-lið 4. gr. auglýsingar dómstólaráðs nr. 2/2017 frá 4. janúar 2017, að viðbættum 24% virðisaukaskatti.

Málflutningsumboð og fyrirvar: Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda, en fyrirvarsmáður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, Grenimel 1, Reykjavík.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefndu sem hún tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. G-207521 þann 10. janúar 2013 upphaflega að fjárhæð kr. 2.571.785. Lán stefnanda eru verðtryggð og verðtryggingin miðuð við breytingar á vísitölu neysluverðs, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992. Grunnvísitala skuldabréfsins er 427,0 stig sem sem er vísitala neysluverðs í júní 2015. Lánið ber breytilega vexti sem aldrei verða hærra en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Vextir reiknast frá námslokum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992.

Samkvæmt 4. mgr. 7. gr. laga nr. 21/1992 skilgreinir stjórn stefnanda hvað telja beri námslok samkvæmt lögunum og úrskurðar um vafatilfelli. Námslok eru skráð hjá stefndu þann 29. júní 2015, en samkvæmt úthlutunarreglum stefnanda sem giltu á þessum tíma eru námslok þegar námsmaður hættir að þiggja lán og er miðað við lok síðasta aðstoðartímabils. Við námslok var fjárhæð námslána stefnda færð á skuldabréf nr. G-207521, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 478/2011 og sbr. skilmálar í skuldabréfinu sjálfu. Skuldabréfið hefur verið í vanskilum síðan 1. september 2018 og vegna verulegra vanskila var skuldin öll samkvæmt skuldabréfi nr. G-207521 felld í gjalddaga þann 19. febrúar 2019.

Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjaldtagi	Upphæð kr.
1. september 2018	345.872
Gjaldfelldar eftirst. 19. febrúar 2019	2.265.462

Eða alls kr. 2.611.334 sem er stefnuþjárhæð þessa máls.

Stefna er birt í Lögbirtingablaði samkvæmt b-lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991. Stefnda er með skráð heimili skv. Þjóðskrá í Sameinuðu Arababísku furstadæmunum. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands er landið aðsetursskráning á þeim tíma sem viðkomandi flutti frá Íslandi, en ekki nánari tilgreining á lögheimili viðkomandi. Ekki hefur fundist heimili hjá stefndu í Sameinuðu arabafurstadæmunum. Leitað var til Utanríkisráðuneytisins um milligöngu með að birta stefnu fyrir stefndu í Sameinuðu Arabísku Furstadæmunum. Í erindisbréfi kemur fram að málaleitan Utanríkisráðuneytisins, bæði símleiðis og bréflega, með milligöngu sendiráðs SAF í London hafi engan árangur borið, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir þar að lútandi um eins árs skeið. Ljóst þyki því að yfirvöld í Abu Dhabi muni ekki fullnusta stefnubirtinguna. Samkvæmt erindisbréfi ráðuneytisins hefur stefnandi ekki aðra úrkosti en að birta stefnuna í Lögbirtingablaði á grundvelli heimildar í b-lið 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Stefnandi byggir á því að stefnda hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. G-207521, skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við lög nr. 21/1992 og í

samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Með lögum nr. 60/2020 var nafni Lánasjóðs íslenskra námsmanna breytt í Menntasjóð námsmanna.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, reglugerðar nr. 478/2011, úthlutunarreglna stefnanda sem í gildi eru á hverjum tíma, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við lög nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 1. júní 2021 kl 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 12. apríl 2021.
F. h. stefnanda,
Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2021008572

Útgáfud.: 21. apríl 2021

Stefna - til ógildingar á veðskuldabréfi

Héraðsdómur Reykjavíkur, Skúli Magnússon dómstjóri,

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Gunnar Sv. Friðriksson, lögmaður, kt. 080169-3889, Stórhöfða 33, Reykjavík, að hann þurfi f.h. Tryggva Þorvaldssonar, kt. 091069-4239, til heimilis að Vesturási 62, Reykjavík, að höfða mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Að ógilt verði með dómi veðskuldabréf útgefið í Reykjavík þann 13. janúar 2020 af Fræðslu ehf., kt. 551118-0960, til Axels Eiríkssonar, kt. 210948-3099, upphaflega að fjárhæð kr. 2.000.000,00 tryggt með öðrum

veðrétti og uppfærslurétti í Völvufelli 46, íbúð 0302, fnr. 205-2239, ásamt öllu því er eigninni fylgir og fylgja ber.

Fyrirsvar: Gunnar Sv. Friðriksson, lögmaður, fer með mál þetta f.h. Tryggva Þorvaldssonar, kt. 091069-4239.

Málavextir, málsástæður og lagarök: Veðskuldabréfið sem um ræðir, nú áhvílandi á 2. veðrétti neðangreindrar eignar, var útgefið í Reykjavík þann 13. janúar 2020 af Fræðslu ehf., kt. 551118-0960, til Axels Eiríkssonar, kt. 210948-3099, upphaflega að fjárhæð kr. 2.000.000,00 tryggt með öðrum veðrétti og uppfærslurétti í Völvufelli 46, íbúð 0302, fnr. 205-2239, ásamt öllu því er eigninni fylgir og fylgja ber.

Veðskuldabréfið var mótttekið til þinglýsingar hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu þann 15. janúar 2020 og hlaut þinglýsingarnúmerið C-477/2020. Það var síðan innfært í þinglýsingarbækur þann 16. janúar 2020.

Veðskuldabréfið var sett til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls og vaxta skuldarinnar, svo og til tryggingar greiðslu alls kostnaðar er af vanskilum skuldara kann að leiða og honum ber að greiða að skaðlausu. Veðskuldabréfið ber 6% vexti af höfuðstól skuldarinnar eins og hann er á hverjum tíma.

Eins og veðskuldabréfið ber með sér var fyrsti og eini gjalddagi þess þann 15. maí 2020 og átti því að aflýsa bréfinu í kjölfar þess. Það hafi hins vegar ekki verið gert strax og hafi bréfið síðan glatast og því ekki verið hægt að aflýsa því af greindri fasteign. Nauðsynlegt sé því að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi, svo hægt sé að aflýsa því.

Stefnandi krefst ógildingar framangreinds veðskuldabréfs, en hann er þinglýstur eigandi greindrar íbúðar nr. 0302 við Völvufell nr. 46 í Reykjavík, er veðskuldabréfið hvílir á, sbr. dskj. nr. 4.

Um lagarök vísar stefnandi til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi ætla að leggja fram eftirfarandi sönnunargögn:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá.
3. Ljósrit veðskuldabréfs dags. 13. janúar 2020.
4. Veðbandayfirlit, dags. 9. apríl 2021 varðandi íbúð 0302 við Völvufell nr. 46 í Reykjavík, fnr. eignarinnar hjá Þjóðskrá Íslands 205-2239.
5. Fasteignayfirlit eignarinnar hjá Þjóðskrá Íslands dags. 9. apríl 2021.
6. Staðfestingu á stefnubirtingunni í Lögbirtingablaðinu.

Fyrirkall: Vegna framangreinds stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint veðskjal undir höndum og telur til réttar yfir því, til að mæta á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg, fimmtudaginn 10. júní 2021, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskjalsins, þar sem ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda um ógildingu veðskjalsins verði teknar til greina. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 9. apríl 2021.
F. h. Skúla Magnússonar dómstjóra,
Sigríður D. Jóhannsdóttir aðstoðarmaður dómara.

(2021008617

Útgáfud.: 27. apríl 2021

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Grímsnes-og Grafningshreppur, kt. 590698-2109, Grímsnesi, 801 Selfoss (dreifbýli).

Stefndu: Gaudí ehf., kt. 430217-0460, Síðumúla 13, Reykjavík, fyrirsvarsmður Brynjar Valdimarsson, kt. 301267-4609, Laufásvegi 18, Reykjavík og Hua Feng, kt. 200773-2929 og Xiaoyan Yang, kt. 300785-5739.

Málflutningsumboð: Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að hið stefnda félag, Gaudí ehf., verði dæmt til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 13.395, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 13.395 frá 1. maí 2019 til greiðsludags. Kröfunúmer 2236-892229.

Þá er þess krafist að staðfestur verði með dómi lögveðréttur stefnanda í fasteigninni Hofsvík 4, Grímsnes- og Grafningshreppi, fasteignanúmer F2344317, vegna skuldar stefnda Gaudí ehf. við stefnanda að fjárhæð kr. 13.395 ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 13.395 frá 1. maí 2019 til greiðsludags, auk málskostnaðar.

Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á ógreiddum fasteignagjöldum fyrir árið 2019 vegna fasteignarinnar að Hofsvík 4, Grímsnes- og Grafningshreppi, fasteignanúmer F2344317, samkvæmt meðfylgjandi álagningarseðli.

Á þeim tíma sem krafa stefnanda stofnaðist var Gaudí ehf. þinglýstur eigandi fasteignarinnar og ber þ.a.l. ábyrgð á greiðslu hennar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995. Stefndu Hua Feng og Xiaoyan Yang eignuðust fasteignina með kaupsamningi sem var móttækinn til þinglýsingar þann 23. maí 2019. Krafan er skv. 7. gr. laga nr. 4/1995 tryggt með lögveði í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Stefndi Gaudí ehf. er enn skráður eigandi skv. þinglýstum lóðarleigusamningi.

Þar sem stefndu Hua Feng og Xiaoyan Yang, eigendur fasteignarinnar samkvæmt kaupsamningi, eru erlendir ríkisborgarar, ekki með skráð heimili hér á landi og engar upplýsingar fyrirleggjandi hjá Þjóðskrá um hvar þeir kunna að vera búsettir er stefnanda ekki mögulegt að nýta sér aðfararheimild 9. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Því er þess krafist að lögveðréttur stefnanda í fasteigninni

Hofsvík 4 fyrir skuldinni, ásamt vöxtum og málskostnaði verði staðfestur, sbr. 7. gr. laga nr. 4/1995.

Vegna birtingu stefnu fyrir stefndu Hua Feng og Xiaoyan Yang þá vísar stefnandi til framlagðs dómskjals 9 sem er yfirlit úr Þjóðskrá. Engar upplýsingar er þar að finna um stefndu, hvorki ríkisfang né í hvaða landi stefndu hafa eða hafa haft búsetu. Tilraunir stefnanda til að afla upplýsinga um hvar megi birta stefndu stefnu eftir almennum reglum hafa ekki borið árangur, enda liggja ekki fyrir neinar vísbendingar um hvar það mögulega kynni að vera. Þessi sérstaka aðstaða kemur til af því að ekki er viðskiptasamband á milli stefnanda og stefndu, heldur eignast stefndu fasteign sem stendur með lögveðrétti til tryggingar skuld annars aðila. Stefnandi telur af þessum sökum uppfyllt skilyrði a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 og birting stefnu í Lögbirtingablaði því heimila eins og hér stendur. Stefnandi telur og að 1. mgr. 90. gr. laga nr. 91/1991 eigi ekki við, þar sem ákvæðið er bundið því skilyrði að stefndi eigi þekktti heimili eða aðsetur erlendis eða það liggja fyrir að hann eigi heimili í tilteknu öðru ríki. Eins og hér stendur á eru engar fyrirleggjandi upplýsingar um í hvaða ríki stefndu kunna að eiga heimili.

Krafa stefnanda nemur **kr. 13.395** sem er stefnuþjárhæðin í máli þessu auk dráttarvaxta frá 1. maí 2019 til greiðsludags og kostnaðar. Stefnandi er sveitarfélag og leggur á fasteignaskatt á grundvelli ákvæða II. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórn ákvað gjalddaga í samræmi við 4. mgr. 4. gr. sömu laga og er það sá dagur sem fram kemur hér að ofan og er stefnuþjárhæð og dráttarvextir miðaðir við það tímamark.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefnandi hefur gert tilraunir til innheimtu krafna sinna hjá stefnda fyrir löginneimtu, eins og framlagt yfirlit ber með sér. Því er þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar stefnanda af innheimtuviðvörun og milliinnheimtu í samræmi við framlagt yfirlit.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga og á ákvæðum laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, sér í lagi II. kafla laganna. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 33. og 42. gr. laga nr. 91/1991. Varðandi stefnubirtingu vísast til a-liðar 1. mgr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirfarandi skjöl til sönnunar á kröfum sínum: Álagningarseðil fasteignagjalda 2019, innheimtuviðvörun, innheimtubréf lögmanns stefnanda, álagningarreglur fasteignagjalda 2019, veðbandayfirlit, úptrentun úr hlutafélagskrá og yfirlit úr Þjóðskrá. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatalibúnaður stefnda/u tilefni til.

Áskorun og viðvörun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða

koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 27. maí 2021, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 3 sólarhringar gagnvart stefnda Gaudí ehf. en mánuður gagnvart stefndu Hua Feng og Xiaoyan Yang.

Reykjavík, 16. apríl 2021.

F.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Hafsteinn Viðar Hafsteinsson hdl.

(2021008950)

Útgáfud.: 27. apríl 2021

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Grímsnes- og Grafningshreppur, kt. 590698-2109, Grímsnesi, 801 Selfoss (dreifbýli).

Stefndu: Gaudí ehf., kt. 430217-0460, Síðumúla 13, Reykjavík, fyrirsvarsmáður Brynjar Valdimarsson, kt. 301267-4609, Laufásvegi 18, Reykjavík og Yijie Liu, kt. 290288-5179. Kröfunúmer 2236-892231.

Málflutningsumboð: Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að hið stefnda félag, Gaudí ehf., verði dæmt til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 13.395, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 13.395 frá 1. maí 2019 til greiðsludags.

Þá er þess krafist að staðfestur verði með dómi lögveðréttur stefnanda í fasteigninni Hofsvík 10, Grímsnes- og Grafningshreppi, fasteignanúmer F2344323, vegna skuldar stefnda Gaudí ehf. við stefnanda að fjárhæð kr. 13.395 ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 13.395 frá 1. maí 2019 til greiðsludags, auk málskostnaðar.

Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á ógreiddum fasteignagjöldum fyrir árið 2019 vegna fasteignarinnar að Hofsvík 10, Grímsnes- og Grafningshreppi, fasteignanúmer F2344323, samkvæmt meðfylgjandi álagningarseðli.

Á þeim tíma sem krafa stefnanda stofnaðist var Gaudí ehf. þinglýstur eigandi fasteignarinnar og ber þ.a.l. ábyrgð á greiðslu hennar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995. Stefnandi Yijie Liu eignaðist fasteignina með kaupsamningi sem var móttækinn til þinglýsingar þann 23. maí 2019. Krafan er skv. 7. gr. laga nr. 4/1995 tryggð með lögveði í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Stefnandi Gaudí ehf. er enn skráður eigandi skv. þinglýstum lóðarleigusamningi.

Þar sem stefndi Yijie Liu, eigandi fasteignarinnar samkvæmt kaupsamningi, er erlendum ríkisborgari, ekki með skráð heimili hér á landi og engar upplýsingar fyrirbyggjandi hjá Þjóðskrá um hvar hann kann að vera búsettur er stefnanda ekki mögulegt að nýta sér aðfararheimild 9. tl. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Því er þess krafist að lögveðréttur stefnanda í fasteigninni Hofsvík 10 fyrir skuldinni, ásamt vöxtum og málskostnaði, verði staðfestur, sbr. 7. gr. laga nr. 4/1995.

Vegna birtingu stefnu fyrir stefnda Yijie Liu þá vísar stefnandi til framlagðs dómskjals 9 sem er yfirlit úr Þjóðskrá. Engar upplýsingar er þar að finna um stefnda, hvorki ríkisfang né í hvaða landi stefndi hefur eða hefur haft búsetu. Tilraunir stefnanda til að afla upplýsinga um hvar megi birta stefnda stefnu eftir almennum reglum hafa ekki borið árangur, enda liggja ekki fyrir neinar vísbendingar um hvar það mögulega kynni að vera. Þessi sérstaka aðstaða kemur til af því að ekki er viðskiptasamband á milli stefnanda og stefnda, heldur eignast stefndi fasteign sem stendur með lögveðrétti til tryggingar skuld annars aðila. Stefnandi telur af þessum sökum uppfyllt skilyrði a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 og birting stefnu í Lögbirtingablaði því heimila eins og hér stendur. Stefnandi telur og að 1. mgr. 90. gr. laga nr. 91/1991 eigi ekki við, þar sem ákvæðið er bundið því skilyrði að stefndi eigi þekkti heimili eða aðsetur erlendis eða það liggja fyrir að hann eigi heimili í tilteknu öðru ríki. Eins og hér stendur á eru engar fyrirbyggjandi upplýsingar um í hvaða ríki stefndu kunna að eiga heimili.

Krafa stefnanda nemur kr. 13.395 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu auk dráttarvaxta frá 1. maí 2019 til greiðsludags og kostnaðar. Stefnandi er sveitarfélag og leggur á fasteignaskatt á grundvelli ákvæða II. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórn ákvað gjalddaga í samræmi við 4. mgr. 4. gr. sömu laga og er það sá dagur sem fram kemur hér að ofan og er stefnufjárhæð og dráttarvextir miðaðir við það tímamark.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefnandi hefur gert tilraunir til innheimtu krafna sinna hjá stefnda fyrir löginheimtu, eins og framlagt yfirlit ber með sér. Því er þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar stefnanda af innheimtuviðvörun og milliinnheimtu í samræmi við framlagt yfirlit.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga og á ákvæðum laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, sér í lagi II. kafla laganna. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 33. og 42. gr. laga nr. 91/1991. Varðandi stefnubirtingu vísast til a-liðar 1. mgr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirfarandi skjöl til sönnunar á kröfum sínum: Álagningarseðil fasteignagjalda 2019, innheimtuviðvörun, innheimtubréf lögmans stefnanda,

álagningarreglur fasteignagjalda 2019, veðbandayfirlit, úprentun úr hlutafélagsskrá og yfirlit úr Þjóðskrá. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málaltilbúnaður stefndu tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 27. maí 2021, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 3 sólarhringar gagnvart stefnda Gaudí ehf. en mánuður gagnvart stefnda Yijie Liu.

Reykjavík, 16. apríl 2021.

F. h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Hafsteinn Viðar Hafsteinsson hdl.

(2021008951

Útgáfud.: 27. apríl 2021

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar málsins eru:

Stefnandi: Grímsnes-og Grafningshreppur, kt. 590698-2109, Grímsnesi, 801 Selfoss (dreifbýli).

Stefndu: Gaudí ehf., kt. 430217-0460, Síðumúla 13, Reykjavík, fyrirsvarsaður Brynjar Valdimarsson, kt. 301267-4609, Laufásvegi 18, Reykjavík og Junhao Zhao, kt. 240674-2709.

Málflutningsumboð: Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Dómkröfur: Þess er krafist að hið stefnda félag, Gaudí ehf., verði dæmt til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 13.395, ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 13.395 frá 1. maí 2019 til greiðsludags. Kröfunúmer 2236-892230.

Þá er þess krafist að staðfestur verði með dómi lögveðréttur stefnanda í fasteigninni Hofsvík 7, Grímsnes- og Grafningshreppi, fasteignanúmer F2344320, vegna skuldar stefnda Gaudí ehf. við stefnanda að fjárhæð kr. 13.395 ásamt dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 13.395 frá 1. maí 2019 til greiðsludags, auk málskostnaðar.

Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.

Málsatvik og málsástæður: Krafa stefnanda er byggð á ógreiddum fasteignagjöldum fyrir árið 2019 vegna fasteignarinnar að Hofsvík 7, Grímsnes- og Grafningshreppi, fasteignanúmer F2344320, samkvæmt meðfylgjandi álagningarseðli.

Á þeim tíma sem krafa stefnanda stofnaðist var Gaudí ehf. þinglýstur eigandi fasteignarinnar og ber þ.a.l. ábyrgð á greiðslu hennar, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 4/1995. Stefndi Junhao Zhao eignaðist fasteignina með kaupsamningi sem var móttakinn til þinglýsingar þann 23. maí 2019. Krafan er skv. 7. gr. laga nr. 4/1995 tryggð með lögveði í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Stefndi Gaudí ehf. er enn skráður eigandi skv. þinglýstum lóðarleigusamningi.

Þar sem stefndi Junhao Zhao, eigandi fasteignarinnar samkvæmt kaupsamningi, er erlendur ríkisborgari, ekki með skráð heimili hér á landi og engar upplýsingar fyrirleggjandi hjá Þjóðskrá um hvar hann kann að vera búsettur er stefnanda ekki mögulegt að nýta sér aðfararheimild 9. t.l. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989. Því er þess krafist að lögveðréttur stefnanda í fasteigninni Hofsvík 7 fyrir skuldinni, ásamt vöxtum og málskostnaði, verði staðfestur, sbr. 7. gr. laga nr. 4/1995.

Vegna birtingu stefnu fyrir stefnda Junhao Zhao þá vísar stefnandi til framlagðs dómskjals 9 sem er yfirlit úr Þjóðskrá. Engar upplýsingar er þar að finna um stefnda, hvorki ríkisfang né í hvaða landi stefndi hefur eða hefur haft búsetu. Tilraunir stefnanda til að afla upplýsinga um hvar megi birta stefnda stefnu eftir almennum reglum hafa ekki borið árangur, enda liggja ekki fyrir neinar vísbendingar um hvar það mögulega kynni að vera. Þessi sérstaka aðstaða kemur til af því að ekki er viðskiptasamband á milli stefnanda og stefnda, heldur eignast stefndi fasteign sem stendur með lögveðrétti til tryggingar skuld annars aðila. Stefnandi telur af þessum sökum uppfyllt skilyrði a-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991 og birting stefnu í Lögbirtingablaði því heimila eins og hér stendur. Stefnandi telur og að 1. mgr. 90. gr. laga nr. 91/1991 eigi ekki við, þar sem ákvæðið er bundið því skilyrði að stefndi eigi þekkti heimili eða aðsetur erlendis eða það liggi fyrir að hann eigi heimili í tilteknu öðru ríki. Eins og hér stendur á eru engar fyrirleggjandi upplýsingar um í hvaða ríki stefndu kunna að eiga heimili.

Krafa stefnanda nemur kr. 13.395 sem er stefnufjárhæðin í máli þessu auk dráttarvaxta frá 1. maí 2019 til greiðsludags og kostnaðar. Stefnandi er sveitarfélag og leggur á fasteignaskatt á grundvelli ákvæða II. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Sveitarstjórn ákvað gjalddaga í samræmi við 4. mgr. 4. gr. sömu laga og er það sá dagur sem fram kemur hér að ofan og er stefnufjárhæð og dráttarvextir miðaðir við það tímamark.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefnandi hefur gert tilraunir til innheimtu krafna sinna hjá stefnda fyrir löginneimtu, eins og framlagt yfirlit ber með sér. Því er þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til kostnaðar stefnanda af innheimtuviðvörðun og milliinnheimtu í samræmi við framlagt yfirlit.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga og á ákvæðum laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, sér í lagi II. kafla laganna. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001. Krafan um

málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 33. og 42. gr. laga nr. 91/1991. Varðandi stefnubirtingu vísast til alíðar 1. mgr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirfarandi skjöl til sönnunar á kröfum sínum: Álagningarseðil fasteignagjalda 2019, innheimtuviðvörðun, innheimtubréf lögmanns stefnanda, álagningarreglur fasteignagjalda 2019, veðbandayfirlit, útprentun úr hlutafélagsskrá og yfirlit úr Þjóðskrá. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbúnaður stefndu tilefni til.

Áskorun og viðvörðun: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er Héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 27. maí 2021, kl. 10.00 og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefndu með áritun eða dómi. Stefnufrestur er 3 sólarhringar gagnvart stefnda Gaudí ehf. en mánuður gagnvart stefnda Junhao Zhao.

Reykjavík, 16. apríl 2021.

F.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Hafsteinn Viðar Hafsteinsson hdl.

(2021008952

Útgáfud.: 21. apríl 2021

Svipting fjárræðis

Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðnum 14. apríl 2021 í máli L-2403/2021, var Lára Halla Jóhannesdóttir, kt. 251035-4829, svipt lögræði tímabundið í 10 ár frá uppkvaðningu úrskurðar að telja.

Héraðsdómi Reykjavíkur, 14. apríl 2021.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari.

(2021008599

Útgáfud.: 20. apríl 2021

Áform um friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes

Umhverfisstofnun, í samstarfi við Garðabæ og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, kynnir hér með áform um friðlýsingu Skerjafjarðar við Álftanes, í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Áform um friðlýsingu eru kynnt í samræmi við málsmeðferðarreglur 36. og 38. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 en skv. ákvæðum laganna er gert ráð fyrir að svæði sem ekki eru á framkvæmdaáætlun náttúruverndar skuli kynnt sérstaklega.

Frestur til að skila athugasemdum við áformin er til og með 21. maí 2021. Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, www.ust.is.

Athugasemdum við áformin má skila á heimasíðu Umhverfisstofnunar, með tölvupósti á netfangið.ust@ust.is eða með pósti til Umhverfisstofnunar, Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík.

Umhverfisstofnun.

(2021008573

Útgáfud.: 23. apríl 2021

Tilkynning um úrskurðarorð máls skv. barnalögum

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra gjörir kunnugt um úrskurðarorð í máli vegna kröfu um fjárframlag vegna menntunar:

Charles Philip McCormick, kt. 200881-2069, greiði Kristu Sól Nielsen, kt. 111202-2140, fjárframlag vegna menntunar samkvæmt 62. gr. barnalaga nr. 76/2003, sem nemur fjárhæð einfalds meðlags á mánuði, frá 11. desember 2020 til 20 ára aldurs hennar, enda stundi hún sannanlega nám. Úrskurður þessi, sem kveðinn var upp við embættið þann 16. apríl 2021, er kynntur í Lögbirtingablaði þar sem óvíst er um lögheimili og dvalarstað Charles Philip McCormick, sbr. 77. gr. barnalaga nr. 76/2003.

F.h. Sýslumannsins á Norðurlandi vestra,
Grímur Rúnar Lárusson fulltrúi.

(2021008650

Lögbirtingablað,
16. tölublað 2021.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn á Suðurlandi,

Kristín Þórðardóttir.